

Ragnar Freyr
Ingvarsson

Magnús
Gottfreðsson

Arnór Víkingsson

Tilfelli mánaðarins



Átján ára gömul kona var send á bráðamóttöku Landspítala með tveggja daga sögu um útbrot auk sára í munni og vörum. Þremur vikum áður hafði hún verið sett á *lamótrígín* vegna störufloga. Hún var með háan hita og útbrotin breiddust hratt út og á hálfum sólarhring þöktu þau tæpan helming yfirborðs húðar. Fljótlega bar á blöðrumyndun og húðrofi auk roða í augum og dreifðra íferða í lungum. Útbrotin eru sýnd á myndum 1 og 2.



Hver er greiningin og hver er helsta meðferðin?